

**39. fundur byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, mánudaginn 28. nóvember 2011 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson, Guðlaug Björgvinsdóttir (GB), Ármann Halldórsson, Ásgeir Jónsson (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ármann Halldórsson, Byggingarfulltrúi

Dagskrá:

- 1. 1110070 - Umhverfisstofnun - Tilnefning fulltrúa í vatnasvæðisnefnd.**
Erindi frá Umhverfisstofnun. Í erindinu óskar Umhverfisstofnun eftir því að sveitafélagið tilnefni einstakling í vatnasvæðisnefnd. Tilnefningin er valkvæð. Umhverfisstofnun gefur sveitafélögum kost á kynningarfundum í heimabyggð frá verkefnastjóra vatnasvæðisnefndar. Bygginga -og umhverfisnefnd tilnefnir Ásgeir Jónsson fyrir sína hönd í vatnasvæðisnefnd.
- 2. 1111072 - Skipulagsstofnun bráðabirgðaákvæði í skipulagslögum**
Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 14/11 2011 um bráðabirgðarákvæði í skipulagslögum. Í erindinu er Tálknafjarðarhreppur minntur á að frestur til að skila inn óauglýstum deiliskipulögum rennur út 31. desember 2011. Bygginga -og umhverfisnefnd felur byggingarfulltrúa að athuga hvort bréfi Skipulagsstofnunar frá 25. mars 2011 hafi verið svarað með fullnægjandi hætti og stofnunninni send þau gögn er málið varðar.
- 3. 1111016 - Skipulagsstofnun - Landsskipulagsstefna 2012-2024**
Erindi frá Skipulagsstofnun. Í erindinu lýsir gerð landskipulagsstefnu 2012 -2024. Einnig bendir Skipulagsstofnun á að sveitafélaginu gefst kostur á að nefna einstakling í að móta landsskipulagsstefnu. Útnefningin er valkvæð. Bygginga -og umhverfisnefnd tilnefnir byggingarfulltrúa fyrir sína hönd í stefnumörkun landskipulagsstefnu.
- 4. 1111089 - Aðalskipulagsbreyting vatnsvernd borhola**
Tillaga að breytingu á aðalskipulags Tálknafjarðar 2006-2018 lagt fram til kynningar.
Bygginga -og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við breytinguna og mælir með því að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst.
- 5. 1111020 - Guðjón Indriða ofl - stöðuleyfi fyrir Jón Júlí BA-157.**
Erindi frá Guðjóni Indriðasyni um stöðuleyfi fyrir bátinn Jón Júlí BA-157. Erindinu fylgir óljós teikning og umsókn um stöðuleyfi. Bygginga -og umhverfisnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfis til 8 mánaða með þeim skilyrðum að framkvæmdir séu hafnar við varðveislu og að útlistun verkefnisins sé ljós á þeim tíma. Nefndin bendir jafnframt á að sækja þarf um byggingaleyfi fyrir öllum mannvirkjum til byggingarfulltrúa.
- 6. 1111090 - Umsókn um framkvæmdaleyfi borstæði**
Umsókn frá Tálknafjarðarhreppi um framkvæmdaleyfi við gerð borstæðis í landi Litla Laugardals. Umsókninni fylgir lýsing á framkvæmdum. Bygginga -og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____